



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

51. ársþing Judosambands Íslands

Haldið í D sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

Laugardaginn 21. maí 2021 kl. 11:00

1. Þingsetning.

Jóhann Másson formaður JSÍ setur þing. Býður gesti velkomna.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Stjórn tilnefnir Hans Rúnar Snorrason, Gunnar Jóhannesson og Bjarna Ásgeir Friðriksson.

Tillaga samþykkt, kjörnefnd tekur til starfa. 18 kjörbréf voru send út. 15 atkvæði gild á þinginu.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Gerð tillaga um að Arnar Freyr Ólafsson varaformaður JSÍ verði fundarstjóri og Ari Sigfússon ritari JSÍ verði fundarritari. Tillaga samþykkt.

4. Kosnar fastar nefndir

Stjórn gerir tillögu að eftirtalinni nefndarskipan:

a) **Fjárhagsnefnd:** Gísli Egilson, Arnar Freyr Ólafsson og Hans Rúnar Snorrason. Tillaga samþykkt.

b) **Laga- og leikreglanefnd:** Sigmundur Magnússon, Árni Ólafsson og Bjarni Ásgeir Friðriksson. Tillaga samþykkt.

c) **Allsherjarnefnd:** Jón Hlíðar Guðjónsson, Gunnar Jóhannesson og Aleksandra Lis. Tillagan samþykkt.

Að loknum 4. lið tók Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ til máls. Andri ræddi m.a. um styrki stjórnvalda til sérsambanda. Skýrslu starfshóps um ofbeldi og viðbragðsáætlanir. Sagði frá ÍSÍ þingi á liðnu á ári, næsta þing er áætlað vorið 2023. Einnig ræddi Andri um störf sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni o.fl.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Jóhann Másson fer yfir störfina á liðnu ári. Sjá nánar í ársskýrslu JSÍ 2021 sem dreift var á fundinum og birt er á vef JSÍ.

Í lok ræðunnar nefndi Jóhann að stjórn JSÍ hefði á maí fundi sínum tekið ákvörðun um að draga til baka undanþágu til próflausrar gráðunar í 1. dan hjá iðkanda vegna forsendubrests.

Minnti á mikilvægi sjálfboðaliða og hvatti þingfulltrúa til að reyna að fá fleiri hendur til starfa fyrir sambandið.

Ekki fór fram umræða um skýrslu stjórnar.



Niðurstaða kjörbréfanefndar var kynnt að loknum 5. lið (skýrslu stjórnar). Í ljós kom að yfirfara þurfti eitt umboð og vék kjörbréfanefnd aftur úr sal.

Meðan kjörbréfanefnd fundaði tók Arnar Freyr Ólafsson til máls um afreksnefnd.

Hans Rúnar tók til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar og tilkynnti að umboð yrði ekki tekið gilt þar sem það hefði borist frá einstaklingi en ekki stjórn UMFS.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar

Arnar Freyr Ólafsson varaformaður JSÍ leggur fram reikninga í forföllum Kristjáns Daðasonar gjaldkera. Reikningar samþykktir samhljóða.

7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Arnar Freyr Ólafsson mælir fyrir tillögu að fjárhagsáætlun. Vísað til fjárhagsnefndar.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið

Fundarstjóri fer yfir þingskjöl. Alls bárust 3 þingskjöl. Öllum þingskjölum vísað til laga- og leikreglanefndar til meðhöndlunar.

Þingskjölin eru:

Þingskjal 1. Stjórn JSÍ leggur til tvær breytingar á 5. grein laga. Annars vegar um fjölda keppenda á bak við hvern þingfulltrúa. Að fyrsti fulltrúi fáist fyrir 5 keppendur í stað 1-10 keppenda áður. Einnig verði fellt út að þing skuli haldið í tengslum við Íslandsmót.

Þingskjal 2. Stjórn JSÍ leggur til að f) liður 6. greinar falli út þar sem embætti Íþróttfulltrúa Ríkisins hefur verið aflagt og því óþarft að tilgreina að þessi aðili hafi rétt til setu á þingi.

Þingskjal 3. Stjórn JSÍ leggur til að fella út 15. lið 9. greinar um að Judóþing kjósi fulltrúa á ÍSí þing. Misræmi er í lögnum þar sem k) liður 11. greinar kveður á um að stjórn skipi fulltrúa JSÍ á ÍSí þing.

Fundarstjóri gerir þinghlé frá 12:30 til 13:00. Nefndir taka til starfa.

Þing hefst að nýju.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

a) Frá fjárhagsnefnd. Tekin fyrir fjárhagsáætlun.

Hans Rúnar Snorrason nefnir að tekjur af mótahaldi NM 2022 séu líklega ekki inni í tölu í áætlun.

Þormóður Jónsson gerir grein fyrir tekjum og gjöldum í tengslum við NM. Tekjur rúm 1,8m kr. og gjöld 1,8-2,1m eftir því hvort Reykjavíkurborg greiði húsaleigu.

Atkvæðagreiðsla fer fram. **Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.**



b) Frá laga- og leikreglanefnd.

Bjarni Friðriksson JR gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar og skjöl tekin jafn óðum til atkvæðagreiðslu. Skjöl tekin í öfugri númeraröð.

Þingskjal 3. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 1. Bjarni gerir grein fyrir að ekki sé átt við 5 kennitölur þegar talað er um 5 keppendur. 17 ára iðkandi sem tekur þátt í U18, U21 og Senior flokki geti þannig náð að teljast sem 12 keppendur á 4 mótum. 1 Senior iðkandi geti náð 4 mótum auk opna flokksins á Íslandsmóti og þannig talist sem 5 keppendur. Tillaga samþykkt án mótatkvæða.

Þar með lauk umfjöllun um mál laga- og leikreglanefndar.

c) Allsherjarnefnd

Engin erindi voru send til allsherjarnefndar.

10. Kjör heiðursformanns

Engar tillögur lágu fyrir um kjör á heiðursformanni.

11. Önnur mál

Tryggvi Gunnarsson tók til máls og ræddi m.a. um mælikvarða á virkni klúbba. Að virkni verði ekki einungis mæld með fjölda keppenda. Einnig vakti TG þingið til umhugsunar um lýðheilsumál og að e.t.v. væru tekjumöguleikar fyrir klúbba að fá inn iðkendur á ýmsum aldri sem ekki ætla sér að verða keppnismenn.

Arnar Freyr Ólafsson tók til máls og ræddi m.a. mikilvægi þess að fá reynda iðkendur sem ekki ætla sér að verða afreksmenn inn á æfingar. Í þessum iðkendum lægi mikil þekking.

Bjarni Ásgeir Friðriksson tók til máls um hlutfall keppenda af heildarfjölda iðkenda.

Hans Rúnar Snorrason tók til máls um Felix kerfið og iðkendafjölda. Hans kom einnig með tillögu til útbreiðslunefndar um að setja peninga í að kaupa ljósmyndun og að útbreiðslunefnd styrki félög til auglýsinga. Tillögu Hans Rúnars vísað til stjórnar. Einnig nefndi Hans í sambandi við nýsamþykktu lagabreytingatillögu um dagsetningu þings að haft verði samráð við landsbyggðarfélögin um dagsetningu.



12. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara

Stjórn JSÍ gerir tillögu að eftirtöldum aðalmönnum í aganefnd.

- Teitur Sveinsson
- Jón Egilsson
- Víkingur Víkingsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að aðalmönnum í aganefnd.

Aðalmenn eru því: Teitur Sveinsson, Jón Egilsson, Víkingur Víkingsson

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum varamönnum í aganefnd.

- Tryggvi Gunnarsson
- Daníel Reynisson
- Halldór Sveinsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að varamönnum í aganefnd.

Varamenn eru því: Tryggvi Gunnarsson, Daníel Reynisson og Halldór Sveinsson

13. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og skoðunarmanna

Fundarstjóri Arnar Freyr Ólafsson óskaði eftir því að fá aðila úr sal til að taka að sér fundarstjórn þar sem hann væri sjálfur í framboði til stjórnar. Tryggvi Gunnarsson tók við fundarstjórn.

Á sléttölu ári eru fjórir stjórnarmenn í kjöri. Kristján Daðason gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum aðilum í framboð til aðalstjórnar:

- Karen Rúnarsdóttir (JRB)
- Bjarni Skúlason (JR)
- Arnar Freyr Ólafsson (UMFS)
- Gísli Egilsson (JG)

Ekki bárust aðrar tillögur. Enginn greiddi atkvæði á móti tillögu stjórnar.

Kjörnir aðalmenn í stjórn eru því: Karen Rúnarsdóttir, Bjarni Skúlason, Arnar Freyr Ólafsson og Gísli Egilsson

Kosið um 3 varamenn í stjórn JSÍ.

Stjórn leggur til að varastjórn verði skipuð eftirtöldum aðilum:

1. vm. Sigmundur Magnússon (KA)
2. vm. Aleksandra Lis (ÍR)
3. vm. Logi Haraldsson (JR)

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

1.varamaður er því Sigmundur Magnússon. 2. varamaður er Aleksandra Lis (ÍR) og 3. varamaður er Logi Haraldsson



Að loknu kjöri stjórnarmanna tók Arnar Freyr Ólafsson aftur við fundarstjórn og þakkaði Tryggva fyrir að hlaupa í skarðið.

Skoðunarmenn reikninga.

Runólfur Gunnlaugsson er sjálfkjörinn skoðunarmaður reikninga og Gísli Jón Magnússon sjálfkjörinn varamaður.

14. Þingslit

Jóhann Másson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir þing og sleit þingi um kl. 13:50

Sjá nánar töflur yfir stjórnar- og nefndarmenn á öftustu síðu.





Tafla 1. Nöfn og kjörtímabil aðalstjórnarmanna JSÍ.

Aðalstjórn (skiptir með sér verkum á fyrsta fundi)			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jóhann Másson	Formaður	2021	2023
Ari Sigfússon	Meðstjórnandi	2021	2023
Ásgeir Ásgeirsson	Meðstjórnandi	2021	2023
Arnar Freyr Ólafsson	Meðstjórnandi	2022	2024
Bjarni Skúlason	Meðstjórnandi	2022	2024
Karen Rúnarsdóttir	Meðstjórnandi	2022	2024
Gísli Egilson	Meðstjórnandi	2022	2024

Tafla 2. Nöfn varastjórnarmanna JSÍ 2022-2023

Varastjórn			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Sigmundur Magnússon	1.varamaður	2022	2023
Aleksandra Lis	2.varamaður	2022	2023
Logi Haraldsson	3.varamaður	2022	2023

Tafla 3. Skipan aganefndar 2022-2023

Aganefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jón Egilsson	Aðalmaður	2022	2023
Teitur Sveinsson	Formaður	2022	2023
Víkingur Víkingsson	Aðalmaður	2022	2023
Tryggvi Gunnarsson	Varamaður	2022	2023
Daníel Reynisson	Varamaður	2022	2023
Halldór Sveinsson	Varamaður	2022	2023

Tafla 4. Skoðunarmenn reikninga 2022-2023

Skoðunarmenn reikninga			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Runólfur Gunnlaugsson	Skoðunarmaður	2022	2023
Gísli Jón Magnússon	Varaskoðunarm.	2022	2023